




AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Breyting aðalskipulags

Gaddstaðir – breytt vegtenging og fjölgun íbúðalóða

26.09.2024




SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbíngs ytra þann 14.5.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 19. júní 2025

**SKIPULAGSFERLI**

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 12.09.2024 með athugasemdafresti til: 26.09.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING**SKJALALYKILL**

109764-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

MS / BRE

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Aldamótaskógur	4
2.2	Gaddstaðir íbúðar- og frístundasvæði	4
2.3	Breyting aðkomuvegar	5
3	TENGL VIÐ ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028	6
3.3	Deiliskipulagsbreyting	7
3.4	Fornminjar	7
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
4.1	Breyting á uppdrætti	8
4.2	Breyting á greinargerð	8
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9
5.1	Umhverfispættir og áherslur	9
5.2	Umhverfisáhrif	10
5.2.1	Niðurstaða	10
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
6.1	Umsagnaraðilar	11
6.2	Skipulagsferli	11

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin tekur til frístunda- og íbúðasvæðis, þar sem fjöldi lóða og aðkomuvegur að ÍB29 og F63 er endurskoðaður þar sem núverandi aðkoma var aðeins ætluð til bráðabirgða. Ný aðkoma að svæðinu verður meðfram Suðurlandsvegi (1) að sunnanverðu, frá væntanlegu hringtorgi við Reykjagarð. Núverandi aðkoma að svæðinu sem er um Aldamótaskóg verður felld úr gildi.

Í samræmi við breytingu á legu aðkomuvegar verða lóðarmörk endurskoðuð og fyrirhugað er að fjölga heimiluðum lóðum svæðanna í aðalskipulagi. Samhliða breytingu aðalskipulags er unnið að breytingu á deiliskipulagi.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með skipulagsskilmálum ásamt skipulagsuppdrætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Frístundabyggð (F63) vestan Hróarslækjar hefur verið að breytast yfir í íbúðasvæði undanfarin ár, en hluti þess er þó áfram frístundabyggð. Núverandi aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi, skammt austan Hellu og var ætluð sem bráðabirgðatenging. Gildandi skipulag gerir ráð fyrir vegtengingu frá íbúðarsvæðinu, um Alamótaskóg inn á þéttbýlið á Hellu.

2.1 Aldamótaskógur

Svæðið undir óbúabyggð og Aldamótaskógi var ógróin melur að stærstum hluta undir lok síðustu aldar, þegar Skipulagt var frístundasvæði vestan Hróarslækjar og Skógræktarfélag Rangæinga tók hluta svæðis í fóstur. Nú er þar risinn skógur og svæðið að mestu algróið, þótt gróður sé víða rýr á bersvæði.

Samningur er í gildi milli sveitarfélagsins og Skógræktarfélags Rangæinga, dags. 18.02.2002, um ræktun aldamótaskógar (SL28). Svæðið er mikið nýtt sem útivistarsvæði af íbúum sveitarfélagsins, bæði eru gönguleiðir og reiðleiðir í gegnum skóginn.

2.2 Gaddstaðir íbúðar- og frístundasvæði

Skilgreind íbúðarbyggð (ÍB29) og frístundabyggð (F63) eru úr landi Gaddstaða í Rangárþingi ytra líkt og stærsti hluti þéttbýlisins. Svæðin eru rétt austan við Hellu. Svæðið var upphaflega skipulagt sem frístundasvæði en hefur nú að stærstum hluta verið breytt í íbúðarsvæði og þar eru nú þegar allmörg íbúðarhús.

Gert er ráð fyrir að heimila fleiri íbúðarlóðir á ÍB29 og heimila sameiningu lóða.

Austan Hróarslækjar er einnig frístundasvæði, F62. Frístundasvæði F63 er um 19 ha að stærð og er innan um íbúðarsvæði ÍB29 og nýtir því sömu aðkomu. Innan F63 er skilgreindur flugvöllur FV2 sem er í einkaeigu.

Svæðið er innan grunnvatnshlotins Landeyjar (nr. 103-252-G). Skammt vestan íbúðabyggðar er Gaddstaðasíki 103-691-R. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.

2.3 Breyting aðkomuvegar

Með breytingunni er núverandi tenging við Suðurlandsveg rétt austan við þéttbýlið á Hellu lögð af. Gildanda aðalskipulag gerir ráð fyrir tengingu um Aldamótaskóg gegnum íbúðarsvæði Gaddstaða og verður þeirri tengingu breytt. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu meðfram Suðurlandsvegi að sunnanverðu að væntanlegu hringtorgi við Reykjagarð innan Hellu.

Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu meðfram Suðurlandsvegi (1) að sunnanverðu og frá væntanlegu hringtorgi sem mun koma við Reykjagarð og tengist núverandi aðkomuvegi sem er þar nú þegar. Núverandi tenging um Aldamótaskóg frá Suðurlandsvegi og verður núverandi tenging sem liggur í gegnum íbúðarsvæði Gaddstaða felld út.

Unnið verður að hönnun aðkomuvegar í samráði við Vegagerðina og aðila sem lagnir eiga sunnan Suðurlandsvegur, s.s. Landsnet og Veitur. Lega vegar verður sýnd í breyttu deiliskipulagi fyrir svæðið.

3 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almenntri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Í Landsskipulagsstefnu kemur m.a. fram að skipulag landnotkunar í dreifbýli feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningssamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun.

3.2 Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028

Í kafla 2.5 er eftirfarandi stefna um **samgöngur**:

- Leita hagkvæmra lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi ásamt samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnusóknar og ferðaþjónustu.
- Stuðla að endurbótum meginvega í byggð og að þeir verði byggðir upp með bundnu slitlagi.
- Nýjar vegtengingar við aðalvegi verði lágmarkaðar og leitast við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- Bæta umferðaröryggi.

Leitast er eftir að vegtengingar tengivega við Suðurlandsveg verði gerðar öruggari. Bæta þarf öryggi vegfarenda og íbúa við Suðurlandsveg, sérstaklega þar sem byggð er við veg. Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði breikkaður í 2+1 veg í gegnum sveitarfélagið. Við þessa breytingu verða til svokölluð skiptisvæði þar sem tvær akreinar í sömu akstursstefnu byrja eða enda. Tengingar hliðarvega við Suðurlandsveg verða einungis leyfðar á skiptisvæðum. Þetta þýðir að breyta þarf legu nokkurra hliðarvega í sveitarfélaginu til að þeir tengist Suðurlandsvegi á skiptisvæðum. Eftir er að útfæra endanlega tillögu, þ.m.t. breytta legu hliðarvega, og verður það gert í samvinnu sveitarstjórnar, landeiganda og Vegagerðarinnar.

STOFNVEGIR		
Vegnr.	Heiti	Lýsing
1	Suðurlandsvegur	Suðurlandsvegur liggur þvert í gegnum sveitarfélagið frá sveitarfélagsmörkum vestan Landvegamóta að Eystri-Rangá. Bæta þarf vegtengingar við Suðurlandsveg við Landvegarmót, á Rauðalæk og Lyngási og e.t.v. fleiri stöðum. Í framtíðinni er reiknað með að vegurinn verði 2+1 vegur.

Í kafla 2.2.1 er eftirfarandi er stefna fyrir **íbúðarbyggð í dreifbýli**:

- Lögð er áhersla á hagkvæma þróun íbúðarbyggðar.
- Íbúðarbyggð verði á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.
- Ef rekin er einhvers konar starfsemi á íbúðarlóðum, þurfa að vera næg bílastæði innan lóðar til að anna þeirri starfsemi.
- Heimilt er að vera með minniháttar dýrahald sé það skv. skilmálum í deiliskipulagi.

Nýjar íbúðarlóðir í dreifbýli verða allt að 3,0 ha að stærð og nýtingarhlutfall allt að 0,05. Hámarks byggingarmagn verði ekki meira en 1.500 m².

Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði lóða.

Íbúðarbyggð í dreifbýli skal taka mið af yfirbragði dreifbýlis, byggingarhefðum, landslagi og staðhátum.

Í kafla 2.2.2 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir **frístundabyggð**:

- Horft er til þess að ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggð.

- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.
- Frístundalóðir skulu að jafnaði vera 0,5 – 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.
- Frístundasvæði verði ekki á góðu ræktunarlandi eða á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvár.
- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.

Í kafla 2.3.2 er eftirfarandi stefna fyrir **skógræktar- og landgræðslusvæði**:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL28	Aldamótaskógur	Samstarfsverkefni Skógræktarfélags Rangæinga og Skógræktarfélags Íslands um skógrækt. Svæðið er sunnan Suðurlandsvegar. Stefnt er að gerð stíga og útivistarmöguleika í skóginum. Stærð svæðis er um 135 ha.

3.3 Deiliskipulagsbreyting

Í gildi er deiliskipulag fyrir Gaddstaði sem samþykkt var 14.01.2021. Gerðar hafa verið tvær breytingar á deiliskipulagi. Unnið verður að deiliskipulagsbreytingu þess skipulags samhliða auglýsingu aðalskipulagsbreytingar.

3.4 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laganna. Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminja er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

4.1 Breyting á uppdrætti

Gerð er breyting á aðkomuvegi frá þéttbýlinu á Hellu, þar sem lega hans er færð samsíða Suðurlandsvegi.

Þá mun fláki ÍB29 stækka en F63 minnka.

4.2 Breyting á greinargerð

Breytt verður texta í töflu fyrir íbúðarsvæði fyrir ÍB29 og F63.

TAFLA 1. Texti í gildandi greinargerð

NR	HEITI JARÐAR	LÝSING	FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
ÍB29	Gaddstaðir	Á svæðinu eru allt að 55 lóðir. Í gildi er deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að hluti lóða sé fristundalóðir. Stærð svæðis um 95 ha.	55	10

Texti eftir breytingu.

TAFLA 2. Texti í breyttri greinargerð.

NR	HEITI JARÐAR	LÝSING	FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
ÍB29	Gaddstaðir	Á svæðinu eru allt að 60 lóðir. Í gildi er deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að hluti lóða sé fristundalóðir. Stærð svæðis um 100,9 ha.	60	10

TAFLA 3. Texti í gildandi greinargerð.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
F63	Gaddstaðir	Á svæðinu er heimilt að vera með allt að 25 lóðir. Stærð svæðis er um 19 ha.	25	5

Texti eftir breytingu.

TAFLA 4. Texti í breyttri greinargerð.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	FJÖLDI LÓÐA	FJÖLDI BYGGÐRA LÓÐA
F63	Gaddstaðir	Á svæðinu er heimilt að vera með allt að 10 lóðir. Stærð svæðis er 16,9 ha.	10	4

5 UMhverfismatsskýrsla

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 5 og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 5. Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar.

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding</i> <i>Kolefnishlutleysi</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar <i>Vistkerfi</i> <i>Gróður</i> <i>Jarðvegur</i> <i>Búsvæði dýra</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu viðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> <i>VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Samfélag <i>Húsnæðismál</i> <i>Íbúafjöldi</i> <i>Atvinna</i> <i>Hagkvæm nýting innviða</i> <i>Umferðaröryggi</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi. <i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2020-2038.</i> - Leita hagkvæmra lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi ásamt samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnusóknar og ferðaþjónustu. - Vegtengingar tengivega við Suðurlandsveg verði gerðar öruggari. Bæta þarf öryggi vegfarenda og íbúa við Suðurlandsveg, sérstaklega þar sem byggð er við veg.	Hefur stefnan áhrif á húsnæðismál og íbúafjölda? Hefur stefnan áhrif á hagkvæma nýtingu innviða? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
Heilnæmt umhverfi <i>Vatnsvernd</i> <i>Ásýnd byggðar</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. - Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi. <i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i> - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i>	Hefur stefnan áhrif vernd vatnshlota? Hefur stefnan áhrif á ásýnd byggðar?
Minjar og verndarsvæði <i>Fornminjar</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <i>Aðalskráning fornminja.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i>	Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?

5.2 Umhverfisáhrif

BREYTT SKIPULAG

Áhrif á loftslagsmál er óverulegt. Útblástur kemur til með að aukast við aukna umferð og jarðrask. Mögulega munu orkuskipti í samgöngum vega á móti aukinni umferð.

Áhrif á náttúrufar er neikvætt/óverulegt. Við framkvæmdir mun gróður raskast. Svæðið var að stærstum hluta ógróið um 1990 en er að gróa upp með friðun og aukinni skógrækt.

Áhrif á samfélag er jákvæð. Með eftirfarandi breytingu er verið að stuðla að betra umferðaröryggi fyrir íbúa. Stefna sveitarfélagsins er að gera vegtengingar við Suðurlandsveg öruggari sem hefur jákvæð áhrif fyrir íbúa í kring.

Áhrif á heilnæmt umhverfi er jákvæð. Ekki er talin hættu af mengun á grunnvatni. Skilmálar verða settir í deiliskipulagi og/eða framkvæmdarleyfi um meðhöndlun mögulega mengandi efna á framkvæmdartíma.

Áhrif á minjar og verndarsvæði er óverulegt. Engar þekktar minjar eru í kringum svæðin.

GILDANDI SKIPULAG

Áhrif á loftslagsmál er óverulegt. Engin teljanleg áhrif á útblástur eða bindingu. Ástandið helst óbreytt.

Áhrif á náttúrufar er óverulegt. Engin breyting. Svæðið og vegurinn heldur sé eins og hann er.

Áhrif á samfélag eru neikvæð. Engin breyting þar sem aðkoman er sú sama og ekki er hugað að umferðaröryggi eins og kostur er á.

Áhrif á heilnæmt umhverfi er óverulegt. Ekki talin hættu af mengun.

Áhrif á minjar og verndarsvæði er óverulegt. Engin breyting þar sem engar þekktar minjar eru í kringum svæðin.

5.2.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni enda brýnt að fá betri og öruggari aðkomu frá Suðurlandsvegi. Núverandi vegur var einungis tímabundinn og því æskilegt að koma öruggari vegtengingu að svæðinu. Með breytingunni er verið að fækka tengingum við Suðurlandsvegi sem er eitt af markmiðum Vegagerðarinnar. Með fleiri íbúðarlóðum er verið að stuðla að enn meiri uppbyggingu og betri nýtingu veitukerfa á svæðinu og styrkja byggð innan sveitarfélags.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í september 2024. Á auglýsingatíma bárust umsagnir frá Veitum, Umhverfisstofnun, Landsneti og Skipulagsstofnun, auk þess barst ábending frá Þorsteini Kristinssyni. Eftir atvikum verður tekið tillit til þeirra við vinnslu tillögunnar.


6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Landsnet
- Náttúruverndarstofnun


Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þá m.a. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli




Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Gaddstaðir



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði
- Verslun- og þjónusta
- Afbreytingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Flugvelli
- Vatnsból
- Verslun- og þjónusta
- Friðlystar fornminjar, ónákvæm staðsetning
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Slóðar
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Þéttbýlismörk
- Gönguleið
- Reiðleið
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Háspennulína 132-220 kV
- Rafstrengur
- Vatnsveita
- Friðlýst svæði
- Landeignaskrá
- Vatnafar
- Hæðarlínur
- Svæði sem breytingin nær til



Breyting - aðalskipulags
Gaddstaðir

Verk: 109764
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: MS

Mælikvarði: 1:50.000
Breytt dags:

Dags: 26.09.2024

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

